

23

2. febr.

Húseigandi ábyrgist vatnsskattinn. Heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaukningu nemur, þótt leigan hafi áður verið ákveðin.

4. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. júlí ár hvert fyrir yfirstandandi almanaksár. Félagsstjórn getur samið um annan gjalddaga á vatnsskatti ef þurfa þykir.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og skal hann tryggður með lögveðsrétti í hlutaðeigandi fasteign næstu 2 ár, eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Vatnsveitufélag Grafarness nr. 149 25. júlí 1951.

Félagsmálaráðuneytið, 2. febrúar 1961.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

24

20. febr.

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Suðureyrarkauptún, nr. 74 18. maí 1948.

1. gr.

a-liður 22. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Skip og bátar, sem eru eign manna búsettra í Súgandafirði, og gerð út þaðan til fiskveiða og flutninga, svo og önnur skip og bátar, sem gerð eru út frá Suðureyri a. m. k. tveggja mánaða tíma á ári, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, kr. 4.00 af hverri heilli brúttórúmllest skips eða báts. Vélbátar, minni en 5 rúmllestir brúttó, skulu greiða kr. 20.00 í lestagjald á ári.

2. gr.

c-liður 22. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Innlend strandferðaskip og millilandaskip greiða 70 aura fyrir hverja brúttó rúmllest skipsins, í fyrsta skipti ár hvert, er þau koma á Suðureyrarhöfn, en ekkert þótt þau komi oftár á því ári.

3. gr.

d-liður 22. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Önnur skip, sem til hafnarinnar koma, nema þau, sem undanþegin eru hafnar-gjöldum greiða, ef þau hafa samband við land, 80 aura af hverri nettó-rúmllest í hvert skipti. Hálf rúmllest telst sem heil, minna broti skal sleppt.

4. gr.

a-liður 24. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Bátar og skip, 12 brúttórúmllestir og stærri, sem eru eign búsettra manna í Suðureyrarhreppi, greiði kr. 5.00 af hverri brúttórúmllest á ári.

5. gr.

24

20. febr.

b-liður 24. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Öll aðkomuskip greiða 30 aura af brúttórúmllest fyrir hvern hálfan sólarhring, eða hluta af hálfum sólarhring, sem þau liggja við bryggju. Minnsta gjald skal þó vera kr. 20.00 í hvert sinn. Liggi þau skip utan á öðru skipi, greiðist aðeins hálf gjald. Sama máli gegnir um þau aðkomuskip, er fiskveiðar stunda frá Suðureyri, eða eru gerð út þaðan. Þó getur hafnarnefnd, ef hún telur ástæðu til, gert samning um bryggjugjald slíkra skipa. Undanþegin bryggjugjaldi eru sömu skip og um getur í 23. gr., nema er þau flytja vörur og farþega, sem þau taka gjald fyrir. Þó eru herskip og skemmtiferðaskip alltaf undanþegin bryggjugjaldi og öðrum hafnargjöldum.

6. gr.

30. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Vöru skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjald greiðist eftir því, er þar segir.

Ef vafi leikur á, í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarnefnd, en úrskurði hennar má áfrýja til hreppsnefndar.

Vörugjaldskrá.

A. Aðfluttar vörur:

1. flokkur. 100 aurar fyrir hver 100 kg:
Slægður fiskur með haus, eða jafngildi þess, sé fiskurinn fluttur í land í öðru ástandi.
2. flokkur. 200 aurar fyrir hver 100 kg:
Kol, salt eða sement.
3. flokkur. 25 aurar fyrir hvert teningsfet:
Timbur.
4. flokkur. 30 aurar fyrir hvert teningsfet:
Aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
5. flokkur. Kr. 20.00 fyrir hvert tonn:
Olía og benzín, en í fötum kr. 4.00 af hverju.
6. flokkur. 100 aurar fyrir hvert stykki:
Tómar tunnur.
7. flokkur. 150 aurar fyrir hvert stykki:
Vörur alls konar undir 15 kg, þar með talið fiskumbúðir (ytri kassar), plasteinangrunarbúnt og matvara.
Fyrir hvert slíkt stykki yfir 15 kg greiðist kr. 3.00.
8. flokkur. Kr. 40.00 fyrir hvert tonn af vörum, 100 kg eða þyngri, enn fremur járnvöru og annarri þungavöru, sem ekki er áður talin.
9. flokkur. Kr. 10.00 fyrir hvert tonn af síld og smokkfiski.

B. Brottfluttar vörur:

1. flokkur. Kr. 60.00 fyrir hvert tonn:
Hertur fiskur alls konar.
2. flokkur. Kr. 40.00 fyrir hvert tonn:
Hraðfrystur fiskur.
3. flokkur. Kr. 12.00 fyrir hvert tonn:
Saltfiskur.

- 24 4. flokkur. Kr. 15.00 fyrir hvert tonn:
 20. febr. Lýsi, síld, hrogn, kjöt, gærur, beinamjöl og aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
5. flokkur. 30 aurar fyrir hvert teningsfet:
 Vörur, sem reiknast eftir rúmmáli. Minnsta vörugjald á stykki er þó 200 aurar.

Hafnarnefnd er heimilt að undanþiggja vörugjaldi innlendar afurðir, sem fluttar eru að eða frá staðnum í smáum stíl.

7. gr.

32. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar skal greiða kr. 1.00 fyrir hvern fermetra lands, sem varan þekur, sé hún ekki flutt burt innan tveggja sólarhringa. Gjald þetta reiknast fyrir hverjar 24 klst. eða brot úr þeim. Gjald fyrir mikið vörumagn má ákveða með samningi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 20. febrúar 1961.

Emil Jónsson.

Brynj. Ingólfsson.

25

28. febr.

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Grundarfjörð, nr. 60 5. maí 1944,
 sbr. reglugerð nr. 118 10. sept. 1959.

1. gr.

2. flokkur vörugjaldskrár 37. gr. reglugerðarinnar, sbr. reglugerð 118 1959, orðist þannig:

Gjald kr. 2.50 hver 100 kg:

Fiskur upp úr sjó, saltfiskur, frystur fiskur, fiskimjöl, lýsi, veiðarfæri og efni í þau, fiskumbúðir, kaðlar og aðrar útgerðarvörur.

2. gr.

13. flokkur í vörugjaldskrá 37. gr. reglugerðarinnar, sbr. reglugerð nr. 118/1959, falli niður.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 28. febrúar 1961.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.